

Reykjavík 4. desember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150-Reykjavík


Efni: umsögn Póstmannafélags Íslands um frumvarp til laga um pósthjónustu.

Stjórn Póstmannafélags Íslands tók á fundi sínum 3. des. 2002 til umræðu frumvarp til laga um pósthjónustu. Frumvarpið mun framkomið vegna tilskipunar Evrópusambandsins um breytingu á reglum um einkarétt pósthjónu í Evrópu til flutnings á bréfaþósti.

Prenging einkaréttar og væntanlegt afnám hefur verið til umræðu innan Evrópusambandsins í mörg ár. Stéttarfélög póstmanna og samtök sömu félaga í Evrópu hafa varað við þessari þróun með þeim rökum að hún valdi minnkandi atvinnuöryggi félagsmanna og að pósthjónusta við dreifðari byggðir verði dýrari og verri þar sem sá hluti pósthjónustunnar sem ekki nýtur einkaréttar muni eingöngu verða áhugaverður á þeim svæðum þar sem reksturinn er arðvænlegur. Óttast er að rekstrarleyfishafar sem njóta einkaréttar og hafa þar með skyldur til að þjóna öllum svæðum landsins muni tapa tekjum þar sem nýir aðilar muni fleyta rjómann af tekjunum þar sem þéttust er byggðin og ódýrast að sjá um dreifingu pósts. Það mun leiða til rekstartaps viðkomandi rekstrarleyfishafa nema til komi leyfi til mishárrar gjaldskrár eftir landssvæðum sem þá muni valda mismunun þegnanna. Pósthjónusta er að mati Póstmannafélags Íslands samfélagsþjónusta sem allir landsmenn eiga að hafa aðgang að á jafnréttisgrundvelli.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd stjórnar Póstmannafélags Íslands



Þuríður Einarsdóttir formaður